

25 mm², greiðir húseigandi umframkostnað samkvæmt reikningi. Af þrífasa heimtaug má grunngjaldið vera 20% hærra. Ef byggja þarf sérstaka spennistöð til að fullnægja orkuþörf notanda, skal notandi leggja til húsnæði fyrir spennistöðina, rafveitunni að kostnaðarlausu.

Ef lögð er aukaheimtaug eða fleiri en ein að húsi, skal notandi greiða allan kostnað við síðari heimtaugar samkvæmt reikningi.

Sá sem gerast vill notandi, eða segja upp notkun, eða breyta til um gjaldskrárlið, skal senda um það skriflega umsögn í tæka tíð til rafveitunnar. Breyting frá einum gjaldskrárlið til annars, er aðeins hægt að gera um áramót, nema þá sérstaklega stendur á.

Opnunargjöld. Óleyfileg vör.

1. Hafi gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greidd fyrir tilskilinn tíma, sem um getur í reglugerð fyrir Rafveitu Patrekshrepps og tilgreind er á tilkynningum rafveitunnar, skal taka kr. 200.00 fyrir enduroppnun veitu, ef til lokunar hefur komið vegna vanskila. Enduroppnun veitu má ekki framkvæma fyrir en áfallin gjöld hafa verið greidd, eða samið um greiðsluna.
2. Ef fundin eru óleyfileg vör, eða of stór, við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki enduroppnuð fyrir en sá, sem ber ábyrgð á veitunni, hefur greitt kr. 50.00 á skrifstofu rafveitunnar.

Heimild til hækkunar.

Gjaldskrá þessa má hækka með samþykki hreppsnefndar, allt að 20% án samþykkis ráðuneytis, enda skal sú hækkun auglýst í Lögbirtingablaðinu með nægum fyrirvara.

Gjaldskrá þessi, sem rafveitunefnd Rafveitu Patrekshrepps hefur samið og hreppsnefnd Patrekshrepps samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 frá 20. júní 1923, og raforkulögum nr. 12 frá 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi 1. janúar 1965 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi numin gjaldskrá fyrir Rafveitu Patrekshrepps nr. 172 15. október 1959.

Atvinnumálaráðuneytið, 19. desember 1964.

Gunnar Thoroddsen.

Þorv. K. Þorsteinsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 112/1955, um iðnskóla.

1. gr.

37. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Hver kennslustund skal að jafnaði vera 45 mínútur.

2. gr.

Reglugerð þessi gildir frá upphafi skólaárs 1965—66.

Í menntamálaráðuneytinu. 19. desember 1964.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.